

Fiðluleikur á Galtalæk

Hlíf Sigurjónsdóttir, fiðluleikari, efndi til tónleika á Galtalæk á Akureyri sunnudaginn 16. nóvember. Meðleikari hennar á fygil var Árni Heiðar Karlsson, en á efnisskrá verk eftir Fritz Kreisler utan eitt; Húmoreska eftir Þórarinn Jónsson.



Hlíf Sigurjónsdóttir er vafalaust í allra fremstu röð fiðluleikara hér á landi. Hún nam á hljóðfæri sitt hjá Birni Ólafssyni, fiðluleikara (1917-1984), en hann má kalla fiðluleikara Íslands á sinni tíð. Einnig nam Hlíf til fjölda ára í Bandaríkjunum og hefur komið fram sem einleikari og leikið í fjölda hljómsveita bæði í Bandaríkjunum og Evrópu.

Árni Heiðar nam píanóleik hér á landi undir handleiðslu Halldórs Haraldssonar og hélt til náms í Bandaríkjunum, þar sem hann tók meistaraþráðu í klassískum píanóleik. Einnig lagði Árni Heiðar stund á jazz-píanóleik bæði við jazz-deild FÍH og einnig við listaháskólann í Amsterdam. Árni hefur lagt stund á tónsmíðar, einkum á sviði jazzins, og gefið út fjórar geislaplötur með verkum sínum.

Fritz Kreisler fæddist í Vín árið 1875, en lést í Bandaríkjunum árið


1962. Þar bjó hann frá árinu 1914 meiri hluta þess tíma, sem Fyrri heimstyrjöldin stóð, en fór aftur til Evrópu árið 1924. Við upphaf Seinni heimsstyrjaldarinnar bjó Kreisler í Frakklandi, en flúði vestur um haf undan uppgangi nasista og þeim andsemitisma, sem þeim fylgdi, en hann hafði Gyðingablóð í æðum. Kreisler var afburða fiðluleikari og tónskáld. Hann þróaði sinn eigin stíl í leik sínum og ætlast til hans í flutningi verka sinna. Þessi still byggir mjög á vibratíu, en það féll ekki að öllu í kramið hjá til dæmis ýmsum hljómsveitarstjórum. Nú á tímum er Kreisler mikils metinn sem höfundur verka fyrir fiðlu; tónlist hans vinsæl og mikið flutt. Hún er gjarnan mjög lagræn og býr auk þess að aðskiljanlegum stíl, sem eykur enn á fjölbreytni efnisskrár svo sem þeirrar sem þau Hlíf og Árni Heiðar fluttu, þó að hún byggði sem næst eingöngu verkum þessa eina tónskálds og þá einungis á verkum fyrir fiðlu og píanó.

Það er unun að hlýða á fiðluleik Hlífar Sigurjónsdóttur. Tónn hennar er afar hreinn og skeikar helst alls ekki. Tækni hennar á hljóðfærið er á mjög háu stigi og henni leikur í hendi að túlka hugnæm og rómantísk verk, eins og til dæmis „Indian Lament í g-moll“; sem er útsetning Kreislers á verki eftir Antonin Dvorák. Líffegur var flutningur söngvasýrþunnar „Liebesfreud“; „Liebesleid“ og „Schön Rosmarin“; Fumlaus og ákveðinn var leikur

hraðra og tæknilega torveldra verka, þar sem mikils er krafist í gallalausis tóntaki svo sem í „Tilbrigði við stef eftir Corelli í anda Tartinis“ eða hinum leiftrandi „Spánska dansi úr óperunni La vida breve“ eftir Manuel de Falla í útsetningu Kreislers. Enn eitt, sem laðar að leik Hlífar Sigurjónsdóttur er vídd hennar í túlkun. Hún býr greinilega að skapgerð flytjandans og getur beitt henni bæði í blíðu og stríðu, bæði í mildum leik og ákófum, en með þeim hætti nær hún jafnt inn að kjarna verkanna sem til áheyrandans og hrifur hann með sér inn í óraviddir tónlistarinnar, sem hún tekur til flutnings.

Meðleikur Árna Heiðars var að fullu í samræmi við flutning Hlífar Sigurjónsdóttur að svo miklu leyti, sem hljóðfærið, sem hann lék á, leyfði. Það er ekki konsertflygill, heldur líttill stofuflygill, svo að væntanlega hefur Árni Heiðar ekki notið hæfni sinnar sem hann hefði gert við betri aðstæður.

Tónleikar Hlífar Sigurjónsdóttur og Árna Heiðars Karlssonar á Galtalæk voru hluti tónleikaraðar, en áður höfðu þau komið fram í Þorgeirskirkju í Ljósavatnsskarði 14. nóvember og í Skjólbrekku í Mývatnssveit 15. nóvember. Það er mikið þakkarefni, þegar listamenn af þeirri gráðu, sem þau eru bæði, Hlíf og Árni Heiðar, leggja land undi fót og gefa tónlistarunnendum kost á því að njóta yfirburða hæfni



sinnar. Því miður virðast auglýsingar ekki hafa náð til manna, sem þó hefðu væntanlega viljað hlýða á leik tónlistarmannanna tveggja, því að tónleikarnir í röðinni voru sorglega illa sóttir. Það er huggun harmi gegn, að bæði Árni Heiðar og Hlíf hafa hljóðritað nokkuð og gefið út. Þegar hefur verið getið hinna fjögurra geislaplötna, sem Árni Heiðar hefur látið frá sér fara, en þær eru skemmtilegar á að hlýða og hafa hlotið lof umsagnaraðila.

Hlíf hefur einnig gefið út nokkrar geislaplötur. Þar ber ekki síst að nefna glæsilegan flutning á öllum sönótum og partítum Johanns Sebastian Bachs fyrir einleiks fiðlu. Með þessum upptökum er óhætt að mæla. Í leik sínum nýtir Hlíf aðskiljanleg svið túlkunargetu sinnar og skilar verkunum glæsilega og eftirminnilega ekki síst sakir þess, að hún gæðir þau sínum stíl og sínum persónuleika og hvoru tveggja er forvitnilegt að kynna. ■